

Mánudaginn 20. desember 1954.

Nr. 83/1953. **X** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Y (Ragnar Jónsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni
Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson
og Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1953. Gerir hann þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður, en *til vara*, að honum verði dæmdur synjunareidur. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati dómsins.

Stefnda, sem hefur fengið gjafvörn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að henni verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu. M. a. hefur vitnið Ívar Nikulásson komið fyrir dóm af nýju. Hefur hann nú viðurkennt, að hann hafi kvöld eitt komið heim til áfrýjanda ásamt stefndu og kunningjakonu hennar, er Ríkka hafi verið nefnd, og hafi áfrýjandi þá átt heima í kjallaraherbergi í Norðurmýri. Hefur hann svo og stefnda og vitnið Friðrika Baldvinsdóttir greint frá hús-búnaði í herberginu, og ber þeim saman í höfuðdráttum. Við sampröfun við áfrýjanda síðar hefur Ívar þó sagt, að hann geti ekki alveg fullyrt, hvaða stúlkur það voru, sem voru með þeim áfrýjanda í herbergi hans í umrætt skipti.

Með skírskotun til framanritaðs og þess, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta hann, þó svo, að eiðsfrestur telst 2 mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef stefnda vinnur eiðinn, skal áfrýjandi greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2.500,00, og renni þar af kr. 2.000,00 í

ríkissjóð. Fallist stefnda á eiðnum, skal áfrýjandi vera sýkn af kröfum hennar í málinu, og greiði hún honum þá kr. 1.500,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda stefndu fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar telst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef stefnda, Ý, vinnur eiðinn, skal áfrýjandi, X, greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00, en þar af renni kr. 2.000,00 í ríkissjóð.

Fallist stefnda á eiðnum, greiði hún áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.500,00.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda stefndu fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. marz 1953.

Ár 1953, mánudaginn 16. marz, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa hans, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 3/1953: Ý gegn X, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Hinn 11. nóvember 1949 ól ógift stúlka, Ý, þá til heimilis á Hofsósi, óskilgetið fullburða sveinbarn, er í skírninni hlaut nafnið Z. Föður að barni þessu hefur hún lýst X hér í bæ. Hann hefur ekki viljað kannast við faðernið, og hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins og skyldaður til að greiða með því skv. yfirvaldsúrskurði meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess og fæðingarstyrk svo og málskostnað.

Kærandi kveðst hafa kynnt kærðum í janúar 1949, er hún hafi dvalizt hér í bæ. Hún kveðst einu sinni hafa haft samfarir við kærðan, og hafi þær farið fram rétt fyrir miðjan febrúar 1949, en kærandi man ekki nánar, hvaða dag. Hún hafi verið á ferli í miðbænum ásamt vinkonu sinni, Friðriku Baldvinsdóttur, og hafi þau þá hitt kærðan og Ívar nokkurn Nikulásson á Lækjartorgi. Þau hafi tekið

tal saman, og hafi það orðið úr, að kærandi og Friðrika hafi fylgzt með þeim félögum heim til X í herbergi hans í kjallara á K-götu 8. Kveðst hún hafa verið þarna hjá kærðum alla nóttina og haft þrívægis samræði við hann. Kærandi kveður þau Friðriku og Ívar hafa farið burt um stund, en komið aftur og verið bæði í herberginu um nóttina. Hafi Ívar farið burt snemma morguns, en sjálf kveðst hún ásamt Friðriku hafa verið þarna fram að hádegi, er þau hafi öll fylgzt að burt úr herberginu, kærandi, kærður og Friðrika.

Kærandi segir, að hún og kærður hafi engar varúðarráðstafanir viðhaft til að koma í veg fyrir, að getnaður hlytist af samförum þeirra.

Vitnið Friðrika Baldvinsdóttir skýrir frá fundum hennar og kæranda og þeirra kærðs og Ívars á sama hátt og kærandi. Hún segir, að þær hafi farið með kærðum og Ívari heim til kærðs, sem búíð hafi í kjallaraherbergi við K-götu, annaðhvort númer 8 eða 7. Þarna hafi þær verið fram á nótt, en þær hafi ekki verið þarna til hádegis næsta dags, eins og kærandi haldi fram, heldur minnir hana, að þær færu báðar saman burt um nóttina, og hafi kærandi síðan komið heim með henni og gist hjá henni það, sem lifði nætur. Friðrika segir, að um kvöldið hafi þau kærandi og kærður legið saman uppi á divan í herberginu, en myrkt hafi verið í herberginu og plötuspilari verið í gangi, svo að hún hafi ekki haft aðstöðu til að fylgjast með, hvað kæranda og kærðum hafi farið á milli. Megi vel vera, að þau hafi haft samfarir, en ekki geti hún fullyrt það. Hún kveður kæranda hafa sagt sér síðar, að hún hefði haft samræði við kærðan þarna. Friðrika man ekki gerla, hvenær þetta átti sér stað.

Kærður kveðst kannast við kæranda, og umræddan vetur hafi hann oft séð hana á Lækjartorgi og stundum átt tal við hana og kunnkonu hennar, er kölluð hafi verið Rikka. Kærður var um þessar mundir strætisvagnsstjóri og bjó að eigin sögn í kjallaraherbergi á K-götu 8. Hann neitar því eindregið, að hann hafi nokkru sinni haft samfarir við kæranda, og neitar því, að hún eða áður-nefnd Rikka hafi nokkru sinni komið heim til sín á K-götu 8.

Vitnið Ívar Nikulásson, sem kunnugur er kærðum og var starfsfélagi kærðs á umræddum tíma, kveðst kannast við kæranda og Friðriku, en neitar því með öllu, að hann hafi komið heim til kærðs ásamt þeim, kveðst aldrei hafa komið heim til kærðs í fylgd með kvenmanni.

Kærandi var umræddan vetur í vist hjá Jóni Péturssyni, Skúlagötu 68, og konu hans, Kristínu Guðlaugu Kristófersdóttur. Kristín segir, að kærandi hafi einhverju sinni verið að heiman heila nótt og sagt sér á eftir, að hún hefði þá sofíð hjá kærðum, og telur Kristín þetta hafa verið einhvern tíma á líklegum getnaðartíma barnsins. Kristín segir einnig, að er kærandi sagði henni frá þunga

sínum, hafi hún sagt sér, að kærður væri faðirinn. Annars telur Kristín kæranda hafa verið lausa á kostunum og telur líkur til, að hún hafi verið í þingum við fleiri en kærðan. Hefur hún tilnefnt tvo menn, sem oft hafi heimsótt kæranda, en kærandi hefur með öllu synjað fyrir samfarir við nefnda menn. Og hefur hún algerlega neitað, að hún hafi haft samfarir við nokkurn mann nema kærðan á hugsanlegum getnaðartíma barnsins. Þegar frá er skilið vætti Kristínar Guðlaugar Kristófersdóttur, hefur ekkert komið fram því til styrktar, að svo hafi verið.

Blóðflokkanannsókn fór fram á málсаðiljum og barni kæranda. Samkvæmt henni er ekki útilokað, að kærður sé faðir barnsins, enda varð niðurstaðan þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Kærandi	A ₁	MN	÷	+	+	+
Barnið	A ₁	M	+	+	÷	+
Kærður	O	MN	+	+	÷	+

Samkvæmt áliti borgarlæknisins í Reykjavík eru mestar líkur til, að umrætt barn kæranda sé getið um 14. febrúar 1949, en möguleikar eru þó á því, að það hafi komið undir einhvern tíma á tímabilinu 26. des. 1948 til 16. marz 1949.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að málsúrslit verða að vera komin undir eiði. Kærður hefur algerlega neitað því, að kærandi hafi nokkru sinni komið heim til hans. Þetta er þó mjög ósennilegt, sbr. framburð kæranda og vitnisins Friðriku Baldvinsdóttur, sem báðar hafa tilgreint heimili kærðs rétt. Ósamræmi það, sem er í framburðum kæranda og Friðriku, rýrir hins vegar sönnunargildi þeirra. Verður nokkurt álitamál, hvor málсаðilja skuli fá eiðsheimildina. Eftir atvikum þykir framburður kæranda þó öllu sennilegri, og verða málsúrslit því þau skv. 213. gr. laga nr. 85/1936, að vinni hún innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa eið að því á lögmætu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 26. desember 1948 til 16. marz 1949 haft holdlegt samræði við kærðan, X, skuli kærður teljast faðir að barni því, er kærandi ól hinn 11. nóvember 1949 og skírt var Z, og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald fyrir árið 1949 lögum samkvæmt. Þá skal hann og greiða henni 500 krónur í málskostnað, en þar af renni 415 krónur til ríkissjóðs.

Verði kæranda eiðfall, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar, og greiði hún honum þá 300 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð :

Vinni kærandi, Y, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa eið að því á lögmætu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 26. desember 1948 til 16. marz 1949 haft holdlegt sam-

ræði við kærðan, X, skal kærður teljast faðir að sveinbarni því, er kærandi ól hinn 11. nóvember 1949 og skírt var Z, og greiða með því skv. yfirvaldsúrskurði meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til kæranda og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1949. Þá skal hann og greiða henni 500 krónur í málskostnað, en þar af renni 415 krónur til ríkissjóðs.

Verði kæranda eiðfall, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar, og greiði hún honum þá 300 krónur í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1954.

Nr. 162/1954. **Margrét Helgadóttir**

og

Ástríður Guðjónsdóttir

gegn

Ingólfi Gíslasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Margrét Helgadóttir og Ástríður Guðjónsdóttir, sem eigi sækja dómping í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þær vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
